

Árshlutauppgjör Byggðastofnunar 30. júní 2008

	30.6.2008	31.12.2007	30.6.2007	31.12.2006	30.6.2006
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Rekstrarreikningur					
Vaxtatekjur	880.210	975.872	461.350	1.101.048	622.449
Vaxtagjöld	672.771	754.293	375.214	1.063.030	671.730
Hreinar vaxtatekjur	207.439	221.579	86.136	38.018	-49.281
Rekstrartekjur	531.074	376.289	80.239	704.935	699.583
Hreinar rekstrartekjur	738.513	597.868	166.375	742.953	650.302
Rekstrargjöld	729.745	777.239	162.357	732.850	456.289
Hagnaður (-tap)	8.768	-179.371	4.018	10.103	194.013
Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbreyting hlutabréfa					
	517.178	360.873	-30.148	311.524	247.160
Efnahagsreikningur					
Eignir					
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	94.882	1.899.148	934.489	1.330.946	1.702.393
Útlán	13.495.341	9.496.939	8.938.508	9.476.108	9.631.160
Eignahlutir í félögum	1.464.472	1.475.269	1.463.571	1.324.381	1.435.190
Aðrar eignir	59.349	66.106	59.167	73.562	69.525
Eignir samtals	15.114.044	12.937.462	11.395.735	12.204.997	12.838.268
Skuldir og eigið fé					
Lántökur	12.935.327	10.780.826	10.261.133	11.028.031	11.500.872
Aðrar skuldir	97.428	84.116	78.691	111.469	96.335
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	0	0	0	13.605	5.259
Skuldir samtals	13.032.755	10.864.942	10.339.824	11.153.105	11.602.466
Eigið fé	2.081.289	2.072.520	1.055.910	1.051.892	1.235.802
Skuldir og eigið fé samtals	15.114.044	12.937.462	11.395.734	12.204.997	12.838.268
Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings	366.041	317.357	403.489	426.300	460.027
Sjóðstreymi					
Hreint veltufé frá rekstri	217.121	-24.518	261.159	76.331	290.887
Fjárfestingarhreyfingar	-1.870.818	-851.617	-278.312	372.378	493.110
Fjármögnunarhreyfingar	-150.569	1.444.337	-379.303	-314.597	-278.438
Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé	-1.804.266	568.202	-396.456	134.112	505.559
Handbært fé í ársbyrjun	1.899.148	1.330.946	1.330.946	1.196.834	1.196.834
Handbært fé í árslok	94.882	1.899.148	934.490	1.330.946	1.702.393
Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki	10,28%	14,15%	9,03%	8,91%	8,91%

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Stofnunin undirbýr, skipuleggur og fjármagnar verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Byggðastofnun fylgist einnig með þróun byggðar í landinu og vinnur að byggðaaætlan í samvinnu við Iðnaðarráðherra.

Byggðastofnun er með skrifstofu sína á Sauðárkróki. Í lok tímabilsins störfuðu 20 starfsmenn hjá stofnuninni.

Árshlutareikningur Byggðastofnunar fyrir janúar til júní 2008 var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 22. ágúst 2008.

Hagnaður tímabilsins nam 8.769 þús. kr.

Hreinar vaxtatekjur námu 207.440 þús. kr. miðað við hreinar vaxtatekjur upp á 86.136 þús. kr. á sama tímabili 2007. Hreinar rekstrartekjur námu 738.514 þús. kr. og rekstrargjöld að meðtölum framlögum í afskriftarreikning útlána og niðurfærsla hlutafjár nam 729.745 þús. kr. Framlög í afskriftarreikning útlána og niðurfært hlutafé voru 517.178 þús. kr. Hagnaður tímabilsins nam því 8.769 þús. kr. miðað við 4.018 þús. kr. hagnað á sama tíma 2007.

Eigið fé Byggðastofnunar nam 2.081.289 þús. kr. eða 13.77% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall stofnunarinnar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 10,28%. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eigið fé lánastofnunar á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svara 8% af áhættugrunni.

Varanlegir rekstrarfjármunir Byggðastofnunar voru 2,65% af eigin fé.

Eignir Byggðastofnunar í lok júní 2008 námu 15.114.045 þús. kr., þar af námu útlán 13.495.341 þús. kr. og hafa hækkað um 3.998.402 þús. kr. frá lok árs 2007. Skuldir Byggðastofnunar námu 13.032.755 þús. kr. og hafa hækkað um 2.167.813 þús. kr. frá lok árs 2007.

Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings voru í lok tímabilsins 366.041 þús. kr.